

Skinney-Þinganes hf.
Krossey
780 Höfn í Hornafirði

Reykjavík, 18.10.2022
UST202202-188/G.S.O.
08.10.02

Efni: Samþykkt úrbótaáætlun

Umhverfisstofnun vísar í bréf sitt frá 6. september 2022 þar sem fram kom að tvö frávik hefðu verið skráð í eftirliti stofnunarinnar í fiskimjölsverksmiðju Skinneyjar-Þinganes, Höfn í Hornafirði. Öðru frávikinu var lokað með bréfi 6. september en þann 4. október barst úrbótaáætlun rekstraraðila varðandi síðara frávik.

Frávikið er eftirfarandi:

- 1. Gr. 3.2 og 3.3 í starfsleyfi.** Mæla skal fitu, svifagnir og COD í frárennsli og skila þeim mælingum með grænu bókhaldi. **Niðurstöður mælinga á fitu eru yfir viðmiðunarmörkun en samkvæmt úrbótaáætlun verður brugðist við frávikinu með því að senda af stað nýtt sýni til mælinga við fyrsta tækifæri og búast má við niðurstöðum í lok október 2022. Ef frávik endurtekur sig verður brugðist við um leið með því að senda nýtt sýni eða gera aðrar úrbætur ef nauðsyn krefur.**

Umhverfisstofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila en úrbætur vegna frávikanna verða teknar út í næsta eftirliti.

Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfisstofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst

Freyr Ævarsson
sérfræðingur

Gunnhildur Sif Oddsdóttir
lögfræðingur